



**Valgreinar fyrir**  
**8., 9. og 10. bekk**  
**skólaárið 2019-2020**

Lýsingar á valgreinum

## Efnisyfirlit

Valgreinar innan Síðuskóla fyrir 8. – 10. bekk.....	4
Bíó og bækur .....	4
Borðspil.....	4
Enskuval.....	4
Fatagerð .....	4
Félagsmálafræði (félagsmiðstöðvarnar) fyrir 9. og 10. bekk.....	5
Hönnun og smíði - nytjalist valgrein.....	5
Íþróttaval og hreysti .....	6
Myndmennt og mótun .....	6
Samstarf við Svía fyrir 9. og 10. bekk. ....	6
Skólahreysti .....	7
Stuðningur við bóknám .....	7
Ukulele .....	7
Upplýsingatækni.....	8
Afreksíþróttir fyrir 9. og 10. bekk.....	9
Aðhlygning og umönnun (IGK 1712) í VMA fyrir 9.-10. bekk.....	9
Athyglisverð umhverfismál fyrir 8 – 10. ....	9
Blak fyrir 8.-10. bekk.....	10
Crossfit fyrir 8.-10. bekk .....	10
Fluguhnýtingar og stangveiði fyrir 8. – 10. bekk .....	10
Handverk og hönnun fyrir 8. - 10. bekk.....	10
Hársnyrtiiðn í VMA fyrir 9. – 10. bekk .....	11
Heimspeki fyrir 8. – 10. bekk.....	11
Hjólaval fyrir 8. – 10. bekk.....	11
Hönnunar- og tæknismiðja (Fab Lab) fyrir 9. og 10. bekk.....	12
Iðnir og tækni - Slippurinn - fyrir 9. og 10. bekk.....	12
Klúbbaval Félagsmiðstöðvanna fyrir 9. og 10. bekk.....	13
Körfuboltaskóli fyrir 8. – 10. bekk .....	13
Leir, leður og mósaik fyrir 8. – 10. bekk. ....	13
Líkamsrækt fyrir 9. og 10. bekk .....	14
Ljósmyndun, málun og útsaumur fyrir 8.-10. bekk .....	14
Ljósmyndun og eftirvinnsla fyrir 8.-10. bekk.....	15
Margmiðlun og snjalltæki fyrir 8. – 10. bekk.....	16
Matreiðsla VMA fyrir 9. og 10. bekk .....	16

Myndlist fyrir 8. - 10. bekk .....	16
Rafiðnir (IGK1812) fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á vorönn í VMA.....	17
Rokk fyrir 8. -10. bekk.....	17
Rúllur, bolti, teygjur, slökun fyrir 8.-10. bekk.....	18
Skák fyrir 8.-10. bekk.....	18
Skíði og bretti í Hlíðarfjalli fyrir 8.-10. bekk.....	18
Skrautskrift fyrir byrjendur fyrir 8. - 10. bekk.....	18
Spaðaípróttir 8. – 10. bekkur.....	18
Spænska I fyrir 8. – 10. bekk .....	19
Spænska II fyrir 8. – 10. bekk .....	19
Stafræn teikning og vinnsla fyrir 8.-10. bekk .....	20
Stjörnu- og jarðfræði fyrir 8.-10. bekk .....	20
Stop motion fyrir 8. - 10. bekk.....	20
Sumba fyrir 8.-10. bekk .....	21
Tónlistarsköpun í tölum fyrir 8. - 10. bekk .....	21
Undirbúningur fyrir ökunám fyrir 10. bekk .....	21
Útivist og hreyfing fyrir 8. - 10. bekk.....	21
Yoga fyrir 8. - 10. bekk.....	22
Þjónusta/framreiðsla fyrir 9. og 10. bekk. VMA haustönn.....	23

## Valgreinar innan Síðuskóla fyrir 8. – 10. bekk

### Bíó og bækur

Fjallað verður um kvikmyndir og bókmenntir. Nemendur lesa skáldsögur og horfa á kvikmyndir sem gerðar hafa verið eftir þeim. Fjallað verður um efnið og bornar saman mismunandi áherslur í mynd og bók. Reynt verður að velja efni frá mismunandi tímabilum og löndum. Nemendur þurfa að tjá sig bæði munnlega og skriflega um efnið.

Námsefni: Íslenskar og þýddar skáldsögur og kvikmyndir. Að hluta til valið í samráði við nemendur.

**Námsmat:** Áhugi og frammistaða í kennslustundum auk verkefnaskila.

### Borðspil

Markmið og kennsluhættir: Ætlað nemendum sem finnst gaman að spila eða vilja öðlast meiri þekkingu á spilum. Með spilum/spilatímum er áhersla á fjóra þætti:

- Þátt tungumálsins sem skiptir sköpum, en nemendur þurfa að ræða saman eða eiga einhvers konar samskipti og tjáskipti.
- Stærðfræði og tengsl hennar við daglegt líf. Í öllum spilum er hægt að finna viðfangsefni sem tengjast stærðfræði og nemendur átta sig ekki alltaf á þeim lærdómi sem þeir öðlast með því að spila fjölbreytileg spil.
- Félagsleg samskipti, en í gegnum spil gefst gott tækifæri að þjálfra ýmsa félagslega þætti, s.s. samvinnu, samskiptareglur, að tapa, að sigra og gleðjast með öðrum.
- Fjölbreyttar kennsluáferðir, en þær skipta máli þegar ná skal markmiðum Aðalnámskrár.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum.

### Enskuval

Enska fyrir þá sem standa nokkuð vel í ensku og hafa áhuga á að auka þekkingu sína á henni.

Unnið verður með bókmenntir, kvikmyndir auk alls konar ítarefnis frá kennara. Lögð verður áhersla á lestur og að nemendur geti tjáð sig í ræðu og riti á ensku. Einnig verður lögð áhersla á að þjálfva nemendur í að hafa samskipti á ensku.

Ekki verður farið sérstaklega í málfræði eða unnið með kennslubækur eins og í bekkjartímum.

**Námsmat:** Áhugi og frammistaða í kennslustundum auk verkefnaskila.

### Fatagerð

Í fatagerð velur þú einfalda flík úr blaði, bók eða af netinu sem þú sauma eða prjónar. Þú mátt líka koma með flík að heiman og breyta henni og/eða laga. Þú byggir ofna á þann grunn sem þú hefur þegar lært í textílmennt og æfir þig í allskonar praktískum hlutum sem geta gagnast þér í framtíðinni. Ef tími vinnst til er frjáls vinna með þau efni og tæki sem textílstofan býður uppá.

Kenndar verða 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

**Námsmat** tekur mið af völdum hæfniviðmiðum aðalnámskrár og eftirfarandi lykilhæfnipáttum: virkni í samvinnu, þrautseigju, sjálfstæði og ábyrgð. Almenn færni verður metin og verkefnaskil.

### Félagsmálafræði (félagsmiðstöðvarnar) fyrir 9. og 10. bekk

#### **Markmið**

Áð nemendur öðlist aukna félagslega færni.

Áð nemendur efli félagslega þroska.

Áð nemendur öðlist sterkari og jákvæðari sjálfsmýnd.

Áð nemendur læri að skipuleggja, undirbúa og framkvæma viðburði í félagslífi sínu.

Áð nemendur þjálfist í samvinnu.

Áð nemendur sýni frumkvæði.

#### **Leiðir**

Félagsmálafræði er valgrein þar sem lögð er áhersla á hópefli/leiki og umræður. Nemendur sem velja áfangann taka að sér að skipuleggja starfið í sinni félagsmiðstöð undir stjórn starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar (setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim). Nemendur fá fjölbreytta fræðslu, bæði frá starfsmönnum félagsmiðstöðvanna og frá utanaðkomandi aðilum.

Þeir sem velja að vera í valinu eru nemendur sem hafa **áhuga** á því sem verið er að gera og hafa **áhuga** á félagsmiðstöðinni sinni. Einnig þurfa þeir að vera **virkir** þátttakendur, bæði í kennslutímum og í félagsmiðstöðvarstarfinu.

Á haustin er farið í sameiginlegt hópefli þar sem allir unglingar úr félagsmálafræði Akureyrar hittast og verja deginum saman í skemmtilegum leikjum og hópefli.

#### **Viðburðir**

Á haustin er farið í hópeflisferð. Góðgerðavaka félagsmiðstöðvanna er haldin í janúar og er aðeins fyrir nemendur í valinu þar sem safnað er peningurm til góðgerðamála með gistikvöldi. Viðburðir innan félagsmiðstöðva eru t.d. kaffihúsakvöld, áskorunarkvöld, þemakvöld og spilakvöld.

Sameiginlegir viðburðir Félag eru t.d. söngkeppni, Furðuverk (hönnunakeppni), íþróttaviðburðir, spurningakeppni ofl.

#### **Námsmat**

Gefnir eru bókstafir eftir virkni, áhuga og mætingu nemenda.

### Hönnun og smíði - nytjalist valgrein

Í þessum valáfanga gefst nemendum kostur á að vinna með mismunandi efni og útbúa eigulega hluti til að bæta og skreyta sitt nánasta umhverfi. Áfanginn á að auka þeirra verklegu færni og vekja áhuga á hönnun og verklegu námi. Áhersla verður lögð á að nota við sem fellur til við grisjun skóga s.s. birki, greni og lerki svo dæmi sé tekið. Verkefnin eru af ýmsum toga allt frá hefðbundinni smíðavinnu til vinnu með leir, gler og málma. Nemendur eiga því að geta fundið sér farveg sem hentar þeirra áhuga og getu. Takmörk eru fyrir stærð og kostnaði við hvert verkefni.

**Námsmat:** Símat fyrir hegðun, vinnusemi, vandvirkni og umgengni gildir 40% á móti verkefnum sem gilda 60%.

## Íþróttaval og hreysti

Íþróttaval 2019 - 2020 verður fjórskipt.

Í fyrsta lagi verða tímar í íþróttahúsi þar sem nemendur skipuleggja tímana og skila inn tímaseðlum. Lögð verður áhersla á að nemendur reyni að hafa tímana fjölbreytta og stjórnari öðrum nemendum (með hjálp kennara). Nemendur skipuleggja upphitun, aðalþátt og niðurlag - teygjur eða annað.

Í öðru lagi verða allir nemendur settir á dómaramámskeið í tveimur íþróttagreinum. Handbolta, fótbolta eða körfubolta, eða öðru sem tekst að græja eftir hugmyndum nemenda. Nemendur geta þá nýtt sér þau námskeið til að vinna í sínu félagi með því að dæma.

Í þriðja lagi verður reynt að hafa samband við félög sem stunda óhefðbundnar íþróttir og reynt að fá að koma á æfingu hjá þeim og prófa eitthvað nýtt.

Í fjórða lagi verða tvær skipulagðar útivistarferðir. Annars vegar fjallganga og hins vegar skíðaganga. Tímar sem fara í dómaramámskeið, útivist og að prófa íþróttagreinar verða taldir og hættir valgreinin fyrir sem því nemur.

**Námsmat.** Stjórnun og uppsetning á tíma. Þátttaka í tímum sem aðrir nemendur stjórna. Þátttaka í öðrum hlutum íþróttافرæðinnar.

## Myndmennt og mótun

Í þessum valáfanga verður boðið upp á fjölbreyttar aðferðir til myndsköpunar. Lögð er áhersla á eigin sköpun og frumkvæði nemenda og verkefnaval fjölbreytt. Nemendur vinna dagbók/skissubók þar sem þeir sýna og útskýra vinnuferli frá hugmynd að lokaverki.

**Námsmat:** Árangur verður metinn eftir ástundun, virkni í tímum, framförum og áhuga.

## Samstarf við Svía fyrir 9. og 10. bekk.

Nordplus verkefni í samstarfi við Svía og snýst um samskipti, tækni, menningu og hefðir.

Verkefnið snýst um samstarf við sænska nemendur þar sem fjallað verður um siði, venjur og ólíka menningu landanna. Íslenskir nemendur læra um sænska menningu og þeirra hefðir og kynna eigin menningu fyrir sænskum nemendum. Nemendur vinna með þjóðsögur og ævinýri, siði og venjur tengda hátíðum, tónlist og fleira.

Allt samstarf við Svíana verður í gegnum ýmis konar tækni og fjölbreytt forrit.

Markmið verkefnisins er að kynnast menningu annars lands en einnig að kynnast fljölbreyttum tæknimöguleikum og þjálfa nemendur í að hafa samskipti á ensku.

Kennsla mun fara fram í skorpum, þ.e. ekki verða endilega tímar allar vikur og mest vinna mun fara fram þegar Svíarnir heimsækja okkur og þegar við heimsækjum þá. Þeir sem sækja um að komast í þessa valgrein og komast að þurfa að vera tilbúnir að taka gest inn á heimilið í u.þ.b. viku og eins vera tilbúnir að dvelja hjá sænskri fjölskyldu í u.þ.b. viku. Einungis er pláss fyrir 10 nemendur í 9. og 10. bekk í þennan hóp.

Athugið að verkefnið hefur ekki enn fengið samþykki fyrir styrk og mun það ekki skýrast fyrr en í sumar.

### Skólahreysti

Val í „Skólahreysti“ er fyrir þá nemendur sem hafa mikinn áhuga á íþróttum/líkamsrækt, vilja tileinka sér heilbrigðan lífsstíll og taka þátt í undirbúningi fyrir Skólahreysti, hvort sem þau vilja sjálfir taka þátt í Skólahreysti eða efla og styrkja sjálfan sig.

Aðalmarkmiðið er að nemendur auki vitund sína varðandi eigin heilsu og heilbrigða lífshætti og þjálfist í því að bera ábyrgð á eigin heilsu, með því að tileinka sér markvissa ástundun íþróttar eða líkams- og heilsuræktar, mikilvægi hollrar fæðu, nægjanlegs svefns og jákvætt viðhorfs.

Nemendur læri meira um þol, styrk, snerpu og kraft og æfa sig í þessum þáttum til að öðlast á markvissan hátt líkamshreysti og þrek. Farið verður í gegnum þrautir úr Skólahreysti og nemendur undirbúnir sem mögulegir fulltrúar skólans í Skólahreystikeppninni í framtíðinni.

Námsmat: Virkni og áhugi í kennslustundum.

### Stuðningur við bóknám

Í stuðningi bið bóknámi vinna nemendur að því að efla þekkingu sína og færni í bóklegum greinum s.s. stærðfræði, tungumálum og því sem þeir þurfa aðstoð við. Tímarnir eru hugsaðir sem stuðningur við námsefni unglingsdeildar. Nemendur fá kennslu og frekari þjálfun í því námsefni sem unnið er með og jafnframt er lögð áhersla á upprifjun og kennslu. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á viðfangsefni í hverjum tíma nema kennari ákveði annað. Ef ekkert liggur fyrir hjá nemendum fela kennarar þeim verkefni. Mikilvægt er að nýta alla tíma vel og er góð ástundun náms skilyrði.

Námsmat: Verkefni og vinnusemi í kennslustundum metin.

### Ukulele

Kennt verður á hljóðfærið Ukulele. Í þessari valgrein verða kennd grunnatriði, eins og tækni, grip og stillingar. Við munum fara yfir mörg þekkt lög og nemendur fá tækifæri til að semja sín eigin. Söngur

mun vera stór partur af valgreininni þar sem ukulele hentar vel með söng. Nemendur fá bæði kennslu á samspil og einspil og ef allt gengur vel verða tekin upp fleiri hljóðfæri á meðan námskeiðinu stendur.

Námsmat: Áhugi og vinnusemi í kennslustundum metin.

### Upplýsingatækni

Í upplýsingatækni 2018 - 2019 verður nemendum kennt að nota ýmis konar hugbúnað sem nýtist í námi. T.d. verða kynnt forrit til að halda utan um nám, til að reikna út kostnað við ýmsa hluti, forrit sem hægt er að nota við kynningar, forrit til að kanna þekkingu og fleira sem gott er að kunna. Aðalatriðið til að byrja með verður að kynna mismunandi forrit og nemendur fá svo tækifæri til að koma með óskir um hvað verður tekið fyrir.

**Námsmat.** Kunnátta í notkun þeirra forrita sem verður unnið með.



## Afreksíþróttir fyrir 9. og 10. bekk

Markmið námskeiðs er að hjálpa og leiðbeina áhugasömum nemendum að verða öflugri íþróttamenn. Nemendur velja annað hvort fótbolta eða handbolta í verklega hlutanum.

Námskeiðið skiptist í fræðslu og tækniæfingar.

Í fræðsluhlutanum er mikil áhersla á markmiðasetningu en í byrjun annar er fræðsla um markmiðasetningu og á miðri önn og í lok annar eru einstaklingsviðtöl þar sem farið er yfir hvernig gengur að ná settum markmiðum og hvort þurfi að endurskoða þau. Nemendur fá einnig fræðslu úr íþróttasálfræði og um lífsstíl og næringu afreksmanns. Öflugir einstaklingar sem hafa náð árangri í sinni grein koma í heimsókn og fræða nemendurna um hvað hjálpaði þeim að ná árangri. Nemendur frá fræðslu um hvernig fótboltinn getur hjálpað þeim að mennta sig í Bandaríkjunum.

Hinn helmingurinn af námskeiðinu eru léttar tækni- og séræfingar. Í tækniæfingum þá vinnur hópurinn í tækniatriðum íþróttanna. Séræfingarnar eru meira einstaklingsbundnar þar sem hver nemandi vinnur í atriðum sem hjálpa þeim að verða öflugri í sinni stöðu/grein.

**Þetta námskeið myndi nýttast þeim sem stefna á að komast í t.d. yngri landslið, meistaraflokk eða á skólasyrk erlendis.**

Nemendur fá kennsluáætlun fyrir veturinn og tímasetningar valgreinarinnar fara því væntanlega eftir æfingatímum hjá félögunum en fyrirlestrar sem eru tímasettir verða á mánudögum í Lundarskóla og eru kl. 15-16.

## Aðhlyning og umönnun (IGK 1712) í VMA fyrir 9.-10. bekk

**Markmið:** Að nemandinn kynnist námi sjúkraliða og störfum þeirra.

Farið er yfir nokkra verkþætti í hjúkrun og umönnun s.s. umbúnað í rúmi, mæla blóðþrýsting, lífsmörk, aðstoð við athafnir daglegs lífs og fá upplýsingar um störf sjúkraliða, stuðningsfulltrúa og félagsliða í nærsamfélaginu (sambýli, heilsugæsla, heimahjúkrun, heimilishjálp, sjúkrahús). Jafnframt verður farið í helstu þætti endurlífgunar, viðbrögðum við slysum (112), slysavarnir og líkamsbeitingu. Kennir er einu sinni í viku 2x40 mín á haustönn. Nemendur sem standast námskröfur greinarinnar fá eina einingu sem getur nýst síðar í framhaldsskólanámi.

**Námsmat:** Virkni og þátttaka (10%), skrifleg verkefni (45%), ratleikur/stöðvavinna (10%), kynning (25%), heimsóknarskýrsla (10%).

*Kennt á mánudögum kl. 14:40-16:00 á haustönn í VMA.*

## Athyglisverð umhverfismál fyrir 8 – 10.

Í þessari valgrein verður fjallað um umhverfismál í sinni víðustu mynd.

Markmið: Að nemendur velti fyrir sér eigin lifnaðarháttum og hvað hver og einn geti gert til þess að verða umhverfisvænni.

Að nemendur velti fyrir sér hvernig er hægt að hafa áhrif á samfélagið?

Að nemendur velti fyrir sér tækninýjunum og umhverfisvænum lausnum.

Kennslutilhögun: Umræður/vettvangsferðir/heimsóknir/gestafyrirlesarar.

Námsmat: Ástundun, virkni og áhugi í tímum.

*Kennt á miðvikudögum kl. 14:00-15:20 á vorönn í Síðuskóla.*

## **Blak fyrir 8.-10. bekk**

**Markmið:** Kennd verða undirstöðuatríði í blaki, uppgjafir, móttaka, fingurslag og smass, farið verður yfir stöður á vellinum í sex manna blaki og kenndar helstu reglur og tækniatriði til að auka skilning á íþróttinni. Valgreinin snýst einnig um að hafa gaman af íþróttinni og njóta þess að spila.

**Námsmat:** Þetta er próflaus grein og námsmat verður byggt á vinnusemi, mætingu og viðhorfi.

*Kenntla fer fram í Naustaskóla á þriðjudögum.*

## **Crossfit fyrir 8.-10. bekk**

**Markmið:** Crossfit stundað þar sem nemendum verður leiðbeint um grunnatriði hreyfingar, rétta líkamsbeitingu, alhliða styrktarþjálfun og grunnatriði mataræðis. Hver tími samanstendur af upphitun, æfingu dagsins og svo liðleika og/eða teygjuæfingum.

**Námsmat:** Tekið mið af æfingum og áhuga.

*Kennt í Crossfit Hamri á mánudögum.*

## **Fluguhnýtingar og stangveiði fyrir 8. – 10. bekk**

**Námskeiðið** samanstendur af hinum ýmsu þáttum stangveiðinnar. Í fluguhnýtingum er nemendum kennð undirstöðuatríðin og gerðar nokkrar algengar laxa- og silungaflugur. Lokaverkefnið er svo að hanna sína eigin flugu. Í stangveiði fara nemendur í kastkennslu með flugustöngum. Einnig fá nemendur fræðslu um allan þann búnað sem fylgir fluguveiði sem og hvernig á að umgangast náttúruna og íbúa vatna og áa. Þá vinna nemendur verkefni um veiðisvæði að eigin vali.

**Kennslan** verður nokkuð lotubundin því farið verður í tvær veiðiferðir sem dekkja töluverðan hluta tímafjölda námskeiðsins. Gera má ráð fyrir að bóklegir tímar verði annaðhvort hálfsmánaðarlega eða vikulega á fyrirfram ákveðnum tíma yfir önnina.

**Námsmat** verður byggt á verkefnavinnu, lokaverkefni í fluguhnýtingum, virkni og þátttöku nemenda.

Æskilegast er að nemendur sem sækja námskeiðið hafi aðgang að flugustöngum og helst einnig öðrum veiðibúnaði.

*Greinin hefur aðsetur í Brekkuskóla á þriðjudögum á vorönn.*

## **Handverk og hönnun fyrir 8. - 10. bekk**

Í þessari valgrein gefst nemendum tækifæri bæði til að endurnýta gamla hluti og einnig að skapa frá grunni. Unnið verður með hugmyndir af Pinterest - diy. Farið verður í Fjölsmiðjuna og /eða Hertex til að athuga með hluti til að gera upp eða endurnýta. Nemendur geta líka komið með verkefni að heiman. Fyrsta kennstundin fer í hugmyndavinnu og samræður en eftir það þurfa nemendur að hafa mótaðar hugmyndir um verkefni þannig að þeir séu ekki verkefnalausir í kennslustundum.

Námsmat byggir ástundun; mætingum og vinnusemi.

*Kennt verður í Oddeyrarskóla á miðvikudögum á haustönn*

## Hársnyrtiðn í VMA fyrir 9. – 10. bekk

Markmiðið er að nemendur fái innsýn í starf hársnyrtifólks. Farið í hárbvott, djúpnæringarnudd og almenna umhirðu á hári. Nemendur læra einnig að nota hárblásara, sléttujárn og önnur hitajárn ásamt því að setja í rúllur. Farið er í almenna umgengi, móttöku viðskiptavina og símsvörun. Einnig fá nemendur innsýn í umhirðu húðar og snyrtingar.

Áfanginn getur aðstoðað nemendur við að sjá hvort þeim finnist fagið áhugavert og hvort það sé eitthvað sem þeir geti hugsað sér að leggja fyrir sig í framtíðinni.

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

*Kennsla fer fram í tveimur hópum á mánudögum og þriðjudögum kl.14:40-16:00 á vorönn í VMA.*

## Heimspeki fyrir 8. – 10. bekk

Heimspekítímarnir byggja á samræðum um lífið og tilveruna. Helstu markmiðin eru að þjálfar nemendur í heimspekilegri samræðu og efla með þeim gagnrýna hugsun. Fjallað verður um hvað heimspeki er og hver eru helstu viðfangsefni hennar. Aðallega verður notast við efni sem sótt er á ýmsa vefi um heimsspeki með börnum og unglingum til að kveikja umræður og kynna þau vinnubrögð sem notuð eru. Ýmis siðferðileg álitamál verða rædd og hver og einn skoðar hvers konar manneskja hann vill verða. Einnig verður fjallað um nokkra af þekktustu heimspekingum sögunnar og kenningar þeirra.

Lögð er áhersla á að nemendur taki þátt í umræðunum og myndi sér skoðanir sem þeir eru tilbúnir til að rökstyðja. Einnig að nemendur hlusti hver á annan og temji sér kurteisi þrátt fyrir skoðanaágreining.

**Námsmat:** Frammistaða í tímum og þátttaka í umræðum.

*Kennt í Síðuskóla á mánudögum á haustönn*

## Hjólaval fyrir 8. – 10. bekk

Forkröfur: **NEMENDUR VERÐA AÐ EIGA EÐA HAFA AÐGANG AÐ HJÓLI.**

**Lýsing:** Hjólavalinu verður skipt í fyrirlestra, verkefni, viðgerðir, hjólaferðir.

**Fyrirlestrar:** Farið yfir ýmsar tegundir hjólreiða og hjóla t.d götuhjól, enduro og fjallhjól. Farið yfir helstu reglur á götu og í keppnum. Farið yfir útbúnað og markmið bæði fyrir æfingar og keppni. Myndir og myndbönd skoðuð frá keppnum og æfingum. Skoðaðar íslenskar síður þar sem hægt er að skrá sig í keppnir ásamt því að skoða síður sem eru með fróðleik um hjól og hjólreiðar. Farið í hvernig hjólreiðar geta verið hluti að öðrum greinum. Kyning á ZWIFT forritinu og öðrum forritum til að halda utan um hreyfinguna sína. Kyning á Hjólreiðafélagi Akureyrar o.fl.

**Verkefni:**

- Setja sér raunhæf markmið og draumamarkmið.
- Skila útbúnaðarlista fyrir keppni.
- Kynnig á hjólreiðum.

**Viðgerðir/yfirferð:** Farið yfir hverju er mikilvægt að huga að til að halda hjólinu sínu við. Stilling á gírurum og bremsum. Hvernig maður skiptir um dekk og gerir við sprungið dekk o.fl.

**Hjólaferðir:** Farið verður í hjólaferðir, bæði á götu og á utanveggar stígum (Hlíðarfjall-Fálkafell-kjarni). Farið verður bæði í styttri og lengri ferðir.

**Markmið** með valgreininni er að nemendur:

- Kynnist hjólreiðum frá ýmsum sjónarhornum
- Kynnist reglum og úbúnaði
- Læri að huga að hjólinu sínu
- Geti sett sér markmið varðandi hjólreiðar
- Kynnist öllum þeim fjölmörgu hjólaleiðum sem eru í boði á Akureyri

**Námsmat:** Símat með áherslu á virkni, hegðun, frumkvæði og vinnubrögð

*Greinin hefur aðsetur í Lundarskóla á miðvikudögum og er kennslutími breytilegur (aðallega haust og vor).*

## Hönnunar- og tæknismiðja (Fab Lab) fyrir 9. og 10. bekk

Áhersla er lögð á stafræna framleiðslu, hönnun og nýsköpun. Nemendur læra á þrívíddarprentara og önnur forrit og tæki sem tengjast stafrænni tækni. Farið verður í heimsóknir og unnin verkefni í samstarfi við FabLab í Verkmenntaskólanum á Akureyri ásamt því að vinna verkefni í Lundarskóla.

*Kennt í Lundarskóla á mánudögum.*

## Iðnir og tækni - Slippurinn - fyrir 9. og 10. bekk.

Kynning á iðn- og tæknistörfum, ætluð nemendum í 9. og 10. bekk í grunnskólum á Akureyri. Stúlkur eru hvattar til að sækja um þessa valgrein.

**Markmið:** Valáfanganum er ætlað að vekja áhuga nemandans á iðn- og tæknigreinum og kynna honum fjölbreytt störf og starfstækifæri sem þær greinar hafa upp á að bjóða. Námið er fjölbreytt og byggir á fræðslu, vettvangsferðum og verklegum æfingum.

Námið fer fram í Slippnum og þeir sem halda utan um áfangann eru iðn- og tæknimenntað starfsfólk Slippisins ásamt umsjónaraðila frá grunnskólum Akureyrar.

Skilyrði fyrir þátttöku er góð skólasókn í 8. og 9. bekk.

Gert er ráð fyrir þátttöku stráka og stelpna í greininni.

### Hæfniviðmið:

Að kynna nemendum þau fjölbreyttu tækifæri sem liggja í iðn- og tæknigreinum

Að nemendur fræðist um iðn- og tæknistörf sem unnin eru í Slippnum og DNG. Þær greinar sem sérstaklega verða kynntar eru vélsníði, stálsníði, rennismíði og tæknistörf í DNG.

Að nemendur upplifi hvernig er að vinna við iðn- og tæknistörf

Að nemendur fái fræðslu um öryggismál

**Námsþættir:** Námið er fjölbreytt og er bæði verklegt og bóklegt og miðar að því að tengjast atvinnulífinu. Farið verður í vettvangsferðir og verður heimasíða og samfélagsmiðlar nýttir til kynningar á valgreininni (dagbók, viðtöl, video, ljósmyndir o.fl.).

**Matsviðmið:** Ástundun, þátttaka og skil á vefdagbók.

*Greinin fer fram á föstudögum í Slippnum og fleiri fyrirtækjum á vorönn.*

## **Klúbbaval Félagsmiðstöðvanna fyrir 9. og 10. bekk**

### **Lýsing:**

Valgrein í formi stelpu- og strákaklúbba til að auka félagsfærni. Hér er tækifæri fyrir ungmenni sem áhuga hafa á að styrkja sig sjálf til virkari þátttöku. Þessi valgrein verður kennd sameiginlega í grunnskólum á brekkunni og í þorpinu.

Þar sem val í félagsmálafræði er tengt við ástundun í félagsmiðstöðina er þessi valgrein gott tækifæri fyrir þá sem vilja efla félagsleg tengsl og færni.

### **Markmið:**

Að styrkja sjálfsmynd og félagsþroska í gegnum þátttöku og virkni. Að vekja unglingana til umhugsunar um sjálfa sig, umhverfi sitt og efla félagslega færni. Margar kenningar sýna fram á að félagsleg tengslamyndun á unglingsárum hafi gríðarleg áhrif á sjálfsmyndina.

### **Inntak og leiðir:**

Vikulegir tímar í félagsmiðstöðinni, 80 mínútur í senn. Starfsemin byrjar á hópefli en mikil áhersla verður lögð á vinnu í umræðuhópum. Sett verður upp svipuð dagskrá og nú þegar er í stelpu- og strákaklúbbum félagsmiðstöðvanna. Rannsóknir sýna að óformlegt nám í gegnum skipulagt frístundastarf gegnir mikilvægu hlutverki í því að styrkja sjálfsmynd og sjálfsþekkingu þátttakenda.

### **Námsmat:**

Lokið / ólokið

*Greinin fer fram á miðvikudögum kl. 14:00 á haust- og vorönn.*

## **Körfuboltaskóli fyrir 8. – 10. bekk**

Lögð verður áhersla á undirstöðuatriði körfuboltans auk leikja og ýmissa keppna. Nemendur fá tækifæri til að bæta skotfimi sína, fá leiðbeiningar um varnarleik og auka leikskilning. Fyrst og fremst snýst valgreinin um að hafa gaman af og njóta þess að spila körfubolta. Þetta er próflaus áfangi þar sem metið verður út frá framkomu, vinnu- og áhuga.

*Kenntla fer fram í Naustaskóla á mánudögum.*

## **Leir, leður og mósaik fyrir 8. – 10. bekk.**

### **Leðurvinna**

Unnið verður með leður og geta nemendur valið um að gera t.d. handsaumuð pennaveski, litlar töskur, peningabuddur, seðlaveski og lyklakippur, skartgripi, nælur, armbönd, belti og hálsskart. Einnig saumað stærri töskur, formað grímur og myndverk og skreytt með perlum hrosshári og fl.

### **Leirmótun**

Nemendur vinna leirmuni að eigin vali, í samráði við kennara, sem fela í sér hugmyndavinnu, verklega útfærslu og myndræna framsetningu í formi og lit. Kynntar verða mismunandi aðferðir

við leirmótun, hönnun hluta, áferð, munsturjerð og litaval og unnið með þær hugmyndir í verkefnavinnunni eftir því sem tími vinnst til. Unnið verður með jarðleir og reynt eftir aðstæðum að bjóða upp á fjölbreytta útfærslumöguleika eftir áhuga nemenda hverju sinni. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og skapandi úrlausnir verkefna. Nemendur tileinki sér góða umgengni um efni og áhöld.

### **Mósaik**

Unnið verður með 3mm litað gler, spegla og etv. eitthvað annað efni sem til fellur. Verkin verða frekar stór, ca. 30x60 cm – 50x60 cm. Veggmyndir, speglar, borðplötur, blómavasar (á vasana notum við málað eggjaskurn) o.fl.

Þegar verkin eru búin eru settar veggfestingar aftan á eða annað sem þarf.

Námsmat: Byggist á símati þar sem virkni, frumkvæði, úrvinnsla hugmynda og vinnubrögð er notað sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess er byggt á sjálfsmati nemenda og einstök verkefni metin í samræmi við markmið.

*Kennt verður í Glerárskóla á þriðjudögum*

## **Líkamsrækt fyrir 9. og 10. bekk**

Fjölbreyttar æfingar undir leiðsögn grunnskólakennara með langa og víðtæka reynslu af líkamsræktarþjálfun.

**Markmið** námskeiðsins er að kynna líkams- og heilsurækt fyrir nemendum og leyfa þeim að prófa þær fjölbreyttu leiðir og aðferðir sem eru í boði á heilsuræktarstöðvunum. Einnig að þjálfa þol og þrek þátttakanda og undirstrika mikilvægi þess að hreyfing sé hluti að heilsusamlegum lífsstíl.

Boðið verður uppá fjölbreytta tíma í líkamsræktarsal.

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga, virkni og áhuga. Umsögn um hvern nemanda.

*Kenntla fer fram á þriðjudögum í KA- heimilinu (í sal Training for Warriors) en á miðvikudögum í Bjargi Bugðusíðu*

## **Ljósmyndun, málun og útsaumur fyrir 8.-10. bekk**

Kveikja: [Vera Shimunia](#)

### **Helstu áhersluatriði:**

Námskeiðinu er skipt upp í þrjú megin þætti, ljósmyndun, málun og textíilverk.

#### *Ljósmyndun*

Nemendur læra undirstöðuatriðin í farsímaljósmyndun. Farið verður í þrjú grunnatriði, ISO, SS og apperture sem liggja að baki öllum myndavélastillingum, óháð tæki og ákvaðra birtustig myndarinnar. Þá verður nemendum kynnt það ferli sem ljósmyndun er og þeir temja sér þrjú grunnskref sem þeir nota í eigin ferli. Nemendur læra einnig grunnaðferðir fagurfræði sem þeir geta nýtt sér við að byggja upp myndirnar á myndfletinum. Í kjölfarið fara nemendur í vettvagnsferð þar sem þeir beita þeirri tækni sem þeir hafa lært og taka ljósmyndir. Að lokum eru ljósmyndirnar unnar og læra nemendur á tvö forrit varðandi eftirvinnslu, Lightroom CC og Snapseed. Myndin sem nemendur vinna er grunnurinn að áframhaldandi vinnu, bæði í útsaum og málun.

## Málun

Nemendur nota myndina sem þeir unni sem grundvöll fyrir frekar vinnu í málun. Myndina útfæra nemendur fyrir akrýlmálun á timbur. Nemendur læra undirstöðuatriðin í flatarmálun en það er málunaraðferð sem byggir á því að greina ljós og skugga til þess að skapa dýpt í verki. Nemendur byrja á því að greina fyrirmyndina í ljósa og dökka fleti og ákvarða hvern flöt áður en næsta skref tekur við en þá flytja nemendur útlínu hvers flatar yfir á timburgrunninn. Þá tekur við litafræði og læra nemendur helstu grunnatriði út frá grunnlitum og litablöndun. Að því loknu greina nemendur litina í fyrirmyndinni og hefja litablöndun. Þeir byrja á því að mála dekkstu feltina og fíkra sig smá saman yfir í ljósa fleti. Að lokum er myndin lökkuð og fest á krók.

## Textílverk

Nemendur velja sér mynd sem þeir unnu sem grundvöll fyrir textílverk. Notaðar verða fjölbreyttar aðferðir: ústaumur, vélsaumur, bútasaurur, þrykk og fleiri aðferðir ef hentar. Myndin er útæfærð í textíl sem hentar í myndina út frá litum og áferð. Nemendur greina myndina út frá flötum, litum og áferð og ákveða út frá því hvaða textílefni og aðferðir þeir nota. Einnig þurfa nemendur að greina myndina í ljósa og dökka fleti til þess að fá dýpt í myndina.

### Námsmat og uppbygging kennslu:

Kennslan byggist upp á leiðbeiningum frá kennara og framlagi nemenda. Í fyrstu vinna nemendur saman með báðum kennurum að ljósmyndun en skiptast síðan niður á sitt hvorn kennarann þegar kemur að sérþekkingu hvers og eins, þ.e. annars vegar málun og hinsvegar textílverk, síðan skipta hóparnir um áherslu. Nemendur útbúa ferilbók þar sem þeir skrásetja allt ferlið frá kveikju að lokaverki.

*Kennt í Giljaskóla, stofum 214 og 215 á þriðjudögum*

## Ljósmyndun og eftirvinnsla fyrir 8.-10. bekk

### Helstu áhersluatriði:

Námskeiðinu er skipt upp í þrjú megin þætti, tækniþekking, vettvangsferðir og eftirvinnsla.

#### Tækniþekking

Nemendur læra undirstöðuatriðin í ljósmyndun. Farið verður í þrjú grunnatriði, ISO, SS og apperture sem liggja að baki öllum myndavélastillingum, óháð tæki og ákvaðra birtustig myndarinnar. Þá verður nemendum kynnst það ferli sem ljósmyndun er og þeir temja sér þrjú grunnskref sem þeir nota í eigin ferli. Nemendur læra einnig grunnaðferðir fagurfræði sem þeir geta nýtt sér við að byggja upp myndirnar á myndfletinum.

#### Vettvangsferðir

Farið verður í vettvangsferðir þar sem nemendur fá tækifæri til þess að beita þeirri tækni sem þeir hafa lært og taka eigin ljósmyndir. Farið verður á ólíka staði í nærumhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til þess að prufa að ljósmynda ólík viðfangsefni í ólíkum umhverfi og birtuskilyrðum.

#### Eftirvinnsla

Nemendur læra á tvö megin forrit í eftirvinnslu, Lightroom CC og Snapseed. Forritin eru bæði ókeypis og ganga bæði á iOS og Android kerfi. Þar læra nemendur helstu atriði varðandi eftirvinnslu á borð við birtustig, dökka og ljós fleti, andstæður, HSL stig lita og álíka.

### Námsmat og uppbygging kennslu:

Kennslan byggist upp á minni verkefnum frá kennara þar sem nemendur æfa tæknina. Í lok annar vinnu nemendur frjálst lokaverk þar sem þeir sýna fram á þá þekkingu sem þeir hafa aflað sér. Nemendur útbúa ferilbók þar sem þeir skrásetja allt ferlið frá kveikju að lokaverki.

*Kennt í Giljaskóla, st. 215 á mánudögum og miðvikudögum*

## **Margmiðlun og snjalltæki fyrir 8. – 10. bekk**

Markmið að nemandi:

-læri á fjölda forrita sem hægt er að nota bæði í daglegu lífi og námi.

-efli hæfileikann til að skapa, uppgötva, hanna og setja fram nýjar hugmyndir.

-nýti tækni á jákvæðan hátt í sínu námi.

-læri fjölbreyttar aðferðir við að koma frá sér efni með notkun tækni.

-náí að tileinka sér góð vinnubrögð við að skapa frambærilegt efni með notkun tækni.

Áhersla er lögð á fjölbreytni og að hver nemandi fái að nýta sína hæfileika sem best.

Notaðir verða mismunandi miðlar og forrit eftir eðli verkefna hverju sinni.

Kennsluáferðir verða sýnikennsla og jafningjafræðsla þar sem nemendur vinna saman að því að leysa fjölbreytt verkefni.

Fjölbreytt forrit í tölvum, spjaldtölvum og símum.

Námsmat: Sjálfstæði, frumkvæði, virkni, ástundun og frágangur.

*Kennt verður í Oddeyrarskóla á mánudögum*

## **Matreiðsla VMA fyrir 9. og 10. bekk**

Markmiðið er að nemendur fái innsýn í störf tengd matreiðslu, fái fræðslu um nám og störf matartækna og matreiðslumanna. Nemendur útbúa ýmsa einfalda rétti, fræðist um matseðla, næringu og hollustu. Nemendur fái fræðslu um mikilvægi hreinlætis við matreiðslu og framreiðslu.

*Kennsla fer fram í tveimur hópum á mánudögum og miðvikudögum kl. 14:00-16:10 á vorönn í VMA.*

## **Myndlist fyrir 8. - 10. bekk**

Viðfangsefni valgreinarinnar eru eftirfarandi:

- teikning
  - kol
  - blýantar
  - teikna eftir fyrirmynd / uppstillingu
  - form
  - ljós og skuggar
  - fjarvídd
- olíumálun
  - hugmyndavinna
  - skissugerð
  - tækniæfingar
  - munur á akrýl og olíulitum



- litablöndun
- notkun íblöndunarefna
- málverk á striga
- mótun
  - hugmyndavinna
  - búa til furðuveru og útfæra í 3d með vírneti og pappamassa

Valgrein fyrir þá sem hafa raunverulega áhuga, eru tilbúnir að leggja á sig vinnu og sýna þrautseigju og þolinmæði við að fullvinna verkefni sín.

Gerð er krafa um frumkvæði, áhuga og vinnusemi nemenda. Ætlast er til að nemendur útfæri sínar eigin hugmyndir í samráði við kennara - með fyrirvara um að framkvæmd þeirra sé raunhæf.

Nemendur safna hugmyndum sínum í skissubók og gera þar grein fyrir hugmyndum sínum og vinnuferli.

Námsmat: Lokið / ólokið með umsögn.

*Valgreinin er kennd í Lundarskóla á mánudögum kl. 14:00 á haustönn.*

## Rafiðnir (IGK1812) fyrir 9. og 10. bekk. Kennt á vorönn í VMA.

**Lýsing:** Nemendur vinna ýmis smáverkefni sem tengja saman handverk og fræðileg viðfangsefni sem rafiðnaðarmenn fást við. Kynnt eru grunn atriði í rafmagnsfræði og ýmsir íhlutir skoðaðir. Nemendur kynnast einföldum verkfærum og mælitækjum og fá tækifæri til að prufa notkun þeirra.

Gerðar eru tilraunir sem tengjast rafmagns og segulfræði og áhersla lögð á þátttöku nemenda og hugmyndaauðgi þeirra. Unnið er með hefðbundið raflagnaefni og einföld tengiverkefni framkvæmd. Einnig eru smíðuð einföld rafeindatæki.

Greinin er kennd í samstarfi við VMA. Kennt er einu sinni í viku 2x40 mín á vorönn. Nemendur sem standast námskröfur greinarinnar fá hana metna til eininga sem getur nýst síðar í framhaldsskólanámi.

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

*Kenntla fer fram í tveimur hópum á mánudögum og miðvikudögum kl. 14:40-16:00 á vorönn í VMA.*

## Rokk fyrir 8. -10. bekk

**Lýsing:** Í áfanganum verðu þróun rokkónlistar kynnt allt frá upptökum með Robert Johnson yfir í rokkónlist samtímans. Fjallað verður um þróun rokkónlistarinnar og áhrif hennar á tíðarandann hverju sinni, tísku og viðhorf ungs fólks.

Kenntla verður byggð upp á stuttum fyrirlesturum, tóndæmum, myndbrotum og samtölum (Skype) við þekktu tónlistarmenn og fjölmiðlafólk sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á rokkónlist og áhrif hennar á samtímann.

**Námsmat:** Tekið er tillit til frammistöðu, áhuga og virkni.

*Kennt verður í Glerárskóla á mánudögum kl. 14:00 á haustönn.*

## Rúllur, bolti, teygjur, slökun fyrir 8.-10. bekk

**Lýsing:** Tímarnir verða í volgum sal. Þeir eru hugsaðir fyrir þá sem þurfa að losa um stífa vöðva, bæta liðleika og læra að slaka á. Mjög góðir tímar fyrir þá sem æfa mjög mikið.

**Námsmat:** Mæting, virkni og áhugi.

*Kennt verður í Likamræktarstöðinni Bjargi við Bugðusíðu á mánudögum*

## Skák fyrir 8.-10. bekk

**Markmið:** Að auka færni nemenda og áhuga á skáklístinum.

Fjallað verður um helstu reglur og aðferðir sem notaðar eru í skák, t.d. byrjanir, miðtöfl, endatöfl, fléttur og að máta. Farið verður yfir valda kafla úr skáksögunni og skákir meistara á borð við Morphy, Lasker, Capablanca, Aljekín, Botvinnik, Fischer, Karpov, Kasparov og Carlsen skoðaðar. Áhersla verður lögð á að skoða hvernig hægt er að nota tölvur til að auka færni sína í skák, bæði með því að tefla á netinu á [www.Chess.com](http://www.Chess.com) og með því að nota öflug skákforrit á borð við Stockfish og Houdini. Námskeiðinu lýkur með skákmóti. Vegleg verðlaun verða í boði.

*Kennari: Áskell Örn Kárason. Kennslan fer fram í Íþróttahöllinni á miðvikudögum*

## Skíði og bretti í Hlíðarfjalli fyrir 8.-10. bekk

**Markmið:** Farið verður í grunnatriði skíðaíþróttar. s.s. svigskíði, gönguskíði og bretti. Aðallega er um verklegt nám að ræða en ef veður verður óhagstætt verður hluti námsins bóklegur. Framvinda kennslunnar fer eftir samsetningu hópsins. Búnaður fyrir nemendur er á staðnum.

**Námsmat:** mætingar, frammistaða, framfarir og áhugi.

*Kennslan fer fram í Hlíðarfjalli á mánudögum í 8 vikna lotu á vorönn.*

## Skrautskrift fyrir byrjendur fyrir 8. - 10. bekk

**Markmið:** Námskeiðið hentar öllum, hvort sem þeir telja sig skrifa vel eða illa.

Kennd er ákveðin tækni við að skrifa. Algengasta skrautskriftin er notuð, þ.e. Italic Calligraphy. Á námskeiðinu eru kennd grunnatriði í skrautskrift, hvernig textar eru settir upp og hvernig má skreyta þá.

Efni: Þátttakendur fá einn skrautskriftarpenna en að öðrum kosti mæta þeir með sína eigin skrautskriftarpenna.

*Kennt í Glerárskóla á mánudögum á vorönn.*

## Spaðaíþróttir 8. – 10. bekkur

Í spaðaíþróttum verður áhersla lögð á að spila og læra borðtennis, badminton og tennis. Farið verður í undirstöðuatriði íþróttanna þriggja og helstu tækniatriði kennd. Hvernig er best að halda á spaðanum í viðkomandi íþrótt og farið verður yfir forhönd, bakhönd og uppgjafir. Þar að auki

verða helstu reglur kynntar og leikið eftir þeim. Upphitunar- og keppnisleikir verða iðkaðir og haldin verða mót í greinunum þremur.

Lykilatriði verður þó að njóta íþróttanna og skemmta sér í góðri íþrótt.

**Námsmat** verður til jafns byggt á mætingu og viðhorfi.

*Kennt í Naustaskóla á föstudögum á haustönn og vorönn.*

## Spænska I fyrir 8. – 10. bekk

### **Haust - byrjendur**

**Markmið** með valgreininni er að nemendur:

- Kynnist máli og menningu í þeim löndum þar sem spænska er töluð.
- Öðlist færni í að tjá sig á spænskri tungu, og geti þannig svarað einföldum spurningum um sjálfan sig.
- Þjálfist í að skilja stuttar talaðar setningar á spænsku.
- Þjálfist í að lesa léttan texta og skrifa stuttar setningar.
- Læri grundvallaratriði í málfræði með íslenskt mál til hliðsjónar.
- Tileinki sér framburðarreglur og æfi framburð.

**Helstu viðfangsefni:**

- Orðaforði sem er byggður upp úr nánasta umhverfi og athöfnum daglegs lífs.
- Ýmsar tómsstundir og afþreying ungs fólks eins og t.d. spænsk tónlist, kvikmyndir og leikir.

**Leiðir og kennsluaðferðir:** Spænsk tónlist og kvikmyndir, leshefti, vinnublöð, námsleikir/spil, annað margmiðlunarefni.

**Námsmat:** Munnleg verkefni, hóp- og einstaklingsverkefni og próf ásamt öðru.

*Kennt verður á miðvikudögum í þeim skóla þaðan sem flestir nemendur koma*

## Spænska II fyrir 8. – 10. bekk

### **Vor - framhald**

**Markmið** með valgreininni er að nemendur:

- Fáí áframhaldandi kynningu á máli og menningu í þeim löndum þar sem spænska er töluð.
- Geti haldið uppi einföldum samræðum alfarið á spænsku.
- Þjálfist í að skilja lengri texta skrifaðan á spænsku.
- Þjálfist í að skrifa lengri texta á spænsku.
- Æfi framburð.

**Helstu viðfangsefni:**

- Orðaforði sem er byggður upp úr nánasta umhverfi og athöfnum daglegs lífs.
- Ýmsar tómsstundir og afþreying ungs fólks eins og t.d. spænsk tónlist, kvikmyndir og leikir.

**Leiðir og kennsluaðferðir:** Spænsk tónlist og kvikmyndir, leshefti, vinnublöð, námsleikir/spil, annað margmiðlunarefni.

**Námsmat:** Munnleg verkefni, hóp- og einstaklingsverkefni og próf ásamt öðru.

*Kennt verður á miðvikudögum í þeim skóla þaðan sem flestir nemendur koma*

## Stafræn teikning og vinnsla fyrir 8.-10. bekk

### Helstu áhersluatriði:

Námskeiðinu er skipt upp í tvo megin þætti, stafræna teikningu og mögulegar útfærslur.

#### Stafræn teikning

Nemendur læra undirstöðuatriðin í stafrænni teikningu. Farið verður í að minnsta kosti þrjú stafræn teikniforrit, Procreate, Adobe Draw og SketchBook. Nemendur læra grunnþætti forritanna þriggja en geta síðan valið hvaða forrit þeir vinna á í framhaldinu, allt eftir því hvaða forrit hentar þeim.

#### Mögulegar útfærslur

Nemendur geta aukið við þekkingu sína og unnið í öðrum forritum ef þeir treysta sér til og þá ávallt með teikningu að leiðarljósi. Til dæmi er boðið upp á Green Screen vinnu, Stop Motion vinnu, hreyfimyndagerð og álíka.

**Námsmat og uppbygging kennslu:** Kennslan byggist upp á minni verkefnum frá kennara þar sem nemendur læra á forritin. Í lok annar vinnu nemendur frjálst lokaverk þar sem þeir sýna fram á þá þekkingu sem þeir hafa aflað sér. Nemendur útbúa ferilbók þar sem þeir skrásetja allt ferlið frá kveikju að lokaverki.

*Kennt í Giljaskóla, st. 215 á föstudögum á vorönn.*

## Stjörnu- og jarðfræði fyrir 8.-10. bekk

Til umfjöllunar verða kenningar um tilurð alheimsins, stjörnur, stjörnumerki á himinhvolfinu, vetrarbrautir, sólkerfið okkar, jörðina og tunglið. Bókin *Sól, tungl og stjörnur* verður notuð og einnig margs konar efni af netinu sérstaklega af stjornufræði.is. Áhersla verður lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði við verkefnavinnu. Nemendur vinna heimildaverkefni um valið efni og farið verður í stjörnuskoðun ef tækifæri gefst.

**Námsmat:** Áhugi og frammistaða í kennslustundum, einstaklings- og samvinnuverkefni.

*Kennt verður á mánudögum í Síðuskóla á vorönn*

## Stop motion fyrir 8. - 10. bekk

Viðfangsefni valgreinarinnar er eftirfarandi:

- hugmyndavinna (eða velja ákv. sögu, t.d. þjóðsögu)
- handrit
- storyboard
- búa til leikmynd, leikmuni, persónur
- útfæra lýsingu
- animera
- klippa
- eftirvinna

Valgrein fyrir þá sem hafa raunverulega áhuga, eru tilbúnir að leggja á sig vinnu og sýna þrauteigju og þolinmæði við að fullvinna verkefni sín.

Gerð er krafa um frumkvæði, áhuga og vinnusemi nemenda. Ætlast er til að nemendur útfæri sínar eigin hugmyndir í samráði við kennara - með fyrirvara um að framkvæmd þeirra sé raunhæf.

Námsmat: Lokið / ólokið með umsögn.

Valgreinin er kennd í Lundarskóla á mánudögum kl. 14 á vorönn

### Sumba fyrir 8.-10. bekk

Í zumba verða kennd skemmtileg og einföld spor í takt við suðræna og aðra tónlist. Í þessum tímum er mikið stuð og mikið fjör og hér er hægt að fá útrás fyrir dansgleðina. Zumba er fyrir alla sem vilja skemmta sér vel og dansa við góða tónlist. Það þarf að hafa með sér í zumba er þægileg íþróttaföt, lítið handklæði, vatnsbrúsi og það mikilvægasta GÓÐA SKAPIÐ! ;)

**Námsmat:** Mætingar og áhugi og frammistaða í kennslustundum.

*Kennt verður í Oddeyrarskóla á miðvikudögum á haustönn.*

### Tónlistarsköpun í tölvum fyrir 8. - 10. bekk

Í valgeininni fer kennari yfir hvað þarf að hafa til staðar til að búa til tónlist í tölvum. Hann skoðar hvað búnaður er nauðsynlegur og fer yfir þau vinnubrögð sem tíðkast. Farið verður yfir notkun á upptökuforritum, sýndarhljóðfærum og trommuheilum, en jafnframt munu upptökur á gítar og söng verða skoðaðar, ásamt hljóðblöndun og lokavinnslu. Í áfanganum munu nemendur ásamt kennara semja, útsetja, taka upp og hljóðblanda lag.

**Námsmat:** Ástundun og vinnubrögð.

*Kennt verður á þriðjudögum í Tónlistaskólanum á haustönn*

### Undirbúningur fyrir ökunám fyrir 10. bekk

Góður undirbúningur fyrir hefðbundið ökunám.

Námsþættir: Hvernig skapast hættur í umferðinni og hvernig bregst maður við þeim?

Hvaða reglur gilda í umferðinni?

Öryggi og öryggisbúnaður.

Hvaða réttindi og skyldur fáum við með ökuþrófinu?

**Námsmat:** Verkefni og virkni í tímum. Kennslustundir eru tvær á viku hálf t. árið.

*Kennt verður í Giljaskóla á þriðjudögum.*

### Útivist og hreyfing fyrir 8. - 10. bekk

Útivist og hreyfing verða á miðvikudögum á haustönninni. Nemendur fá innsýn inn í heim útivistar og kynnast ýmsum aðferðum hvernig hægt er að nýta náttúru og nærumhverfi til heilsuþótar. Kennslan verður bæði bókleg og verkleg. Í verklegu tímunum verður farið í hjólaferð, fjallgöngur og fleira eins og til dæmis tveggja daga göngu þar sem gist er í skála. Í bóklegu tímunum verður farið í hagnýt atriði sem snúa að útivist eins og til dæmis útbúnað, skipulagningu ferða, skyndihjálp og ýmis öryggisatriði. Þar sem verklegu tímarnir verða lengri en hefðbundnar

kennslustund, verður gefið frí í staðinn. Nýta þarf haustið vel og því verður dagskráin þétt í upphafi annar en minna verður um að vera þegar líður á hana.

Mikilvægt er að nemendur komi klæddir eftir veðri í alla tíma, í skóbúnaði við hæfi og með útbúnað við hæfi. Einnig þurfa hjól að vera í góðu lagi og hjálmanotkun er skylda. Eins og hér kemur fram er mæting í ferðirnar víðsvegar um svæðið og því er mikilvægt að foreldrar/forráðamenn aðstoði við að koma nemendum á rétta staði og sæki þar sem það á við. Búið er að dagsetja alla viðburði og reynt verður eins og hægt er að láta dagsetningar standa en þó geti þurft að færa ferðir til, t.d. vegna veðurs.

27. ág. Kvöldfundur í Síðuskóla með nemendum og foreldrum, kynning á áfanganum. Stutt kynning á búnaði o.p.h. (40 mín.)

28. ág. Ganga á Súlur, mæting við bílastæði hjá gömlu ruslahaugunum kl. 14:00 (5 tímar)

4. sept. Fyrirlestur, búnaður, skipulagning o.fl. (Síðuskóli) – (80 mín.)

11. sept. Hjólaferð, Eyjafjarðarhringur, mæting kl. 14:00 á hjólum og með hjálma við Skautasvellið, (Um 32 km, 2-3 tímar)

18. sept. Gönguferð í Lamba á Glerárdal, tveggja daga ferð. Mæting við bílastæði hjá gömlu ruslahaugunum kl. 14:00. (11 km aðra leið, áætl. 5 tímar hvorn daginn)

25. sept. Frí

2. okt. Heimsókn í Súlur, björgunarsveit. Kynning á starfi sveitarinnar. (80 mín.)

9. okt. Kynning á Ferðafélagi Akureyrar, mæting á skrifstofu félagsins klukkan 14:00 (80 mín.)

*Kennt verður á miðvikudögum víðsvegar um svæðið á haustönn*

## Yoga fyrir 8. - 10. bekk

**Markmið og kennsluáferð:** Hér munum við kynna jóga! Hvað er það, hvaðan kemur það, hvernig er það talið virka og af hverju er það talið virka svona vel?

Hver tími mun byggjast upp á umræðum/fræðslu, Hatha jógaflæði og djúpslökun.

Í upphafi annarinnar verða verklegar æfingar léttari en munu svo þyngjast eftir því sem á líður, þar til við í lokin munum reyna við erfiðari og meira krefjandi jógaferðir.

Boðið verður upp á mikla fjölbreytni og mismunandi leiðir í jóga.

Við munum jafnvel fá til okkar gestakennara og fara í vettvangsferðir og upplifa jóga úti í náttúrunni.

Jóga getur hjálpað okkur að byggja upp sterkan og liðugan líkama en einnig getur jóga orðið lífslangt ferðalag sjálfsuppgötvunar sem færir þér sterkari sjálfsmynd, hugarró, og innri hamingju.

Um leið og við fetum þessa braut, munum við ræða þætti sem hafa áhrif á sjálfsmyndina okkar – hvað eflir hana og hvað letur hana? Hvað getum við gert til þess að verða sjálfsöryggir og ánægðir einstaklingar? Hafirðu sterka sjálfsmynd geturðu nefnilega gert allt það sem þú vilt og getur á auðveldari máta tekist á við þá hluti sem á vegi þínum verða!

**Námsmat:** Námsmat byggist á ástundun, áhuga, vinnusemi og hegðun í tímum.

*Kennt verður í Síðuskóla á þriðjudögum og fimmtudögum.*

## **Þjónusta/framreiðsla fyrir 9. og 10. bekk. VMA haustönn.**

### **Kynningaráfangi í þjónustu. Framreiðsla á matvælabraut VMA**

**Markmiðið:** Í áfanganum verður kynning á menntun og starfi framreiðslumanna. Nemendur læra að leggja á borð og skreyta borðin fyrir mismunandi tækifæri. Nemendur læra að gera óáfenga kokteila. Nemendur læra að nota kaffivél og gera kaffidrykki.

**Námsmat:** Tekið er tillit til mætinga, frammistöðu og virkni.

*Kennsla fer fram í tveimur hópum á mánudögum og miðvikudögum kl.14:40-16:00 á haustönn í VMA.*